

Stjórnarfundur nr. 12

9. apríl 2014 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Guðmundur Guðmundsson og Ólafur E. Jóhannesson. Brynja Tomer, Arinbjörn Friðriksson og Delia Howser boðuðu forföll. Ritari Fríður Pétursdóttir framkvæmdastjóri.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ [fylgisk. A-2651](#)

2. Ársfundir – ársskýrslur ræktunardeilda

Í starfsreglum ræktunardeilda HRFÍ III. kafla um stjórn ræktunardeildar 6.gr. stendur að eftir árfund deildar skuli skila samhljóða skýrslum til stjórnar HRFÍ; þ.e. ársskýrslu og rekstrar- og efnahagsyfirliti.

Siberian Huskydeild —rekstrarreikningur, sem vantaði með ársskýrslu

Schnauzerdeild — rekstrarreikningur, sem vantaði með ársskýrslu

DÍF – rekstrarreikningur, sem vantaði með ársskýrslu

Ársskýrsla Vorstehdeildar – tölvupóstur 31. mars – vantar rekstrarreikning

Ársskýrsla Fuglahundadeildar – tölvupóstur 3. apríl

Ársskýrsla Cavalierdeildar – tölvupóstur 7.apríl.

Ársskýrsla Tibetan spanieldeildar – tölvupóstur 8. apríl – vantar rekstrarreikning

3. Nýr sýningadómari

24. mars sl. sendi Sýningadómaranefnd HRFÍ neðangreindan tölvupóst til stjórnar HRFÍ til staðfestingar:

„Ágætu stjórnarmenn.

Þann 24. mars kom mjög svo ánægjulegur tölvupóstur til sýningadómaranefndar HRFÍ frá dönsku sýningadómaranefndinni. Eftir yfirferð skriflegra ræktunardóma dómaranemans og að teknu tilliti til umsagna dómara um hæfi nemans þá mælir danska nefndin með eftirfarandi:

Herdís Hallmarsdóttir fái dómara réttindi á: Australian Shepherd, English Cocker Spaniel, Golden Retriever, Icelandic Sheepdog og Labrador Retriever.

Eftir nefndarfund fyrir í dag eru ofangreindar upplýsingar sendar stjórn HRFÍ til staðfestingar.

Vinsamlegast staðfestið sem fyrst.“

Stjórn HRFÍ staðfesti samhljóða ofangreind tilmæli Sýningadómaranefndar HRFÍ.

4. Erindi frá Siberian Huskydeild – umsókn um sérsýningu – tölvupóstur 2. apríl

Sent til sýningastjórnar til umsagnar. Málinu frestað.

5. Erindi frá Önnu Birnu Björnsdóttur – tölvupóstur 2. apríl

Anna þarf að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í námssamning undirrituðum 18.júní 2007. Eftir því að þeim kröfum er fullnægt er hægt að taka ósk hennar til endurskoðunar ef hún þess óskar.

6. Erindi frá Vinnuhundadeild – bronspróf - tölvupóstur 14. febrúar

Varðandi fyrirspurn um hvort bronsprófi verði breytt í æfingarpróf þá er vísað í bókun stjórnarfundar HRFÍ þann 21. janúar sl.:

Stjórn vinnuhundadeildar fer fram á að stjórn HRFÍ samþykki að frá og með 1. jan 2014 verði bronspróf æfingarpróf, til samræmis við reglur á hinum norðurlöndunum.

Bókun stjórnar: „Það stangast á við sýningareglur vegna meistartitla, ákveðið var að senda á stjórnir deilda og sýningastjórnar til umsagnar.“

Neðangreint er svar frá sýningastjórn HRFÍ:

Á síðasta fundi sýningastjórnar HRFÍ var tekið fyrir erindi frá stjórn HRFÍ varðandi umsókn Vinnuhundadeildar HRFÍ til stjórnar HRFÍ um að breyta bronsprófi í æfingarpróf.

"Stjórn vinnuhundadeildar fer fram á að stjórn HRFÍ samþykki að frá og með 1. jan 2014 verði bronspróf æfingarpróf, til samræmis við reglur á hinum norðurlöndunum."

Sbr. sérreglur um meistaratitil fyrir vinnuhunda gr. 71-75 og gr. 68 um alþjóðlegan sýningameistararitil

(C.I.E.) þurfa einstaka tegundir innan tegundahópa 1, 2, 3, 4, 5, 6 og vatna- og spanielhundar (Flushing/Water) í tegundahópi 8 (Gildir um hundakyn sem þurfa að skila vinnuprófum skv. breeds nomenclature lista FCI stjörnumerktir í Working trials reit, án sviga) bronsmerkjaþróf til að geta sótt um íslenskan meistaratitil (ISCh), og alþjóðlegan meistaratitil (C.I.B). Að því sögðu getur sýningastjórn ekki fallist á að bronsmerkjaþrófi verði breytt í æfingapróf.

Svör bárust ekki frá viðkomandi ræktunardeildum sem eiga í hlut. Með vísan í svar sýningastjórnar, getur stjórn getur ekki orðið að ósk Vinnuhundadeildar.

7. Erindi frá Fuglahundadeild HRFÍ – tölvupóstur 21 mars

Frestað þar sem ennþá vantar nánari svör frá Fuglahundadeild og Advania.

8. Ra ehf

Málið er í vinnslu. Framkvæmdastjóri ásamt formanni og varaformanni munu áfram skoða ýmsa möguleika og undirbúa kynningu fyrir aðalfund.

9. Grundvallarreglur HRFÍ

Á grundvelli þess að aðeins eitt svar barst frá Vísindanefnd sem var án athugasemda, samþykkir stjórn nýjar grundvallareglur. Gildir frá 1.maí 2014

10. Aðalfundur HRFÍ

15.maí kl.20.00 í Víðidal.

Lagabreytingar – skila fyrir 1. mars

Framboð í stjórn – rennur út 30. mars.

Eftirtaldir aðilar bjóða sig fram í aðalstjórn og varastjórn á aðlafundi HRFÍ

Aðalstjórn:

Sóley Halla Möller

Guðmundur A Guðmundsson

Varastjórn:

Ragnhildur Gísladóttir

Birt á vefsíðu HRFÍ 31. mars. Birta þarf kynningu á frambjóðendum á vefsíðu 10. apríl.

11. Önnur mál

a) Reglur um ferðir vegna fundarhalda erlendis.

Á stjórnarfundum HRFÍ þann 7. október 2013 var bókað undir liðnum önnur mál: „Stjórn er öll samhuga um að einhverskonar vinnureglur verði settar um kostnað vegna ferðalaga erlendis og hafa falið framkvæmdastjóra að vinna að tillögum þess efnis“

Tillaga um almennar reglur um ferðir vegna fundarhalda erlendis á vegum HRFÍ unnin af Herdísi og Fríði Esther var kynnt stjórn.

Fulltrúaráðsfundur. 30.apríl kl. 20.00

Dagskrá:

Kynning á nýjum grundvallareglur.

Kynning á vinnu stefnumótunarteymis.

Ræða ný dýraverndunarlög.

Stjórn er sammála um að kynna þurfi reglur ræktunardeilda og lög félagsins fyrir nýjum stjórnnum deilda og mun boða stjórnir deilda á kynningafund.

b) Breyting á reglugerð HRFÍ um menntun sýningadómara

Grein 7. svona út í dag:

7. Reglur fyrir ný samþykka dómara

Ný samþykktir dómara skulu dæma minnst tvisvar sinnum á meistarastigssýningum á Íslandi eða í Danmörku áður en þeir geta tekið að sér að dæma á meistarastigssýningum í öðrum löndum.

Það er á ábyrgð dómarans sjálfs að láta vita ef þessi krafa er ekki uppfyllt við móttöku á boði um að dæma erlendis.

Nýsamþykktir dómara skulu vera búnir að dæma á minnst þremur meistarastigssýningum áður en þeir mega hafa dómaranema eða dómaraefni í hring hjá sér. Það er á ábyrgð dómarans sjálfs að láta vita ef þessi krafa er ekki uppfyllt. Ný samþykktir dómara geta fyrst skráð sig til náms á fleiri tegundir þegar þeir hafa dæmt tegundina, sem þeir hafa réttindi á, að lágmarki á tveimur viðurkenndum meistarastigssýningum.

Tillaga að breytingu:

7. Reglur fyrir ný samþykkt dómara

Ný samþykktir dómara skulu dæma minnst tvisvar sinnum á meistarastigssýningum á einhverju Norðurlandanna áður en þeir geta tekið að sér að dæma á meistarastigssýningum í öðrum löndum utan Norðurlanda.

Það er á ábyrgð dómarans sjálfs að láta vita ef þessi krafa er ekki uppfyllt við móttöku á boði um að dæma erlendis.

Nýsamþykktir dómara skulu vera búnir að dæma á minnst þremur meistarastigssýningum áður en þeir mega hafa dómaranema eða dómaraefni í hring hjá sér. Það er á ábyrgð dómarans sjálfs að láta vita ef þessi krafa er ekki uppfyllt. Ný samþykktir dómara geta fyrst skráð sig til náms á fleiri tegundir þegar þeir hafa dæmt tegundina, sem þeir hafa réttindi á, að lágmarki á tveimur viðurkenndum meistarastigssýningum.

Samþykkt.

c) Þakklæti til dönsku sýningastjórnarinnar.

Allir nýju dómaramenn okkar hafa fengið boð frá danska klúbbum um að dæma á sýningum í Danmörku 2015. Stjórn sendir dönsku sýningastjórninni þakklæti fyrir boð og stuðning þeirra við nýju íslensku dómaramenn.

d) Beiðni um bókum

Beiðni um bókun barst frá Brynju Tomer varamanni í stjórn sem var fjarverandi. Ekki samræmist fundarsköpum að bóka eftir fundarmanni sem ekki er viðstaddur.

Fundi slitið 18:30